

**Sp. 769. Tillaga til þingsályktunar [419. mál]**

um athugun á vegarstæði milli Norður- og Austurlands.

Flm.: Halldór Blöndal, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera athugun á því hvar heppilegast sé að þjóðvegurinn liggja um Möðrudalsöræfi til þess að vetrarsamgöngum verði uppi haldið milli Norður- og Austurlands.

**Greinargerð.**

Margvísleg samskipti og viðskipti hafa um langan aldur verið milli Austfirðinga og Norðlendinga sem þó hafa orðið minni en æskilegt hefði verið sakir þess að samgöngur á landi eru mjög torveldar að vetrinum, en Skipaútgerð ríkisins siglir einungis á hálfmánaðar fresti milli Akureyrar og Austfjarðahafna. Á hinn bóginn heldur Flugfélag Norðurlands uppi daglegum áætlunarferðum milli Akureyrar og Egilsstaða sem nýtast vel til farþegaflutninga en vitaskuld ekki nema að litlu leyti til vöruflutninga. Óþarft er að fara um það mörgum orðum hversu brýnt það er að landsfjórðungar og byggðarlög, sem saman liggja, geti óhindrað átt sem greiðust og víðtækust samskipti, bæði atvinnulegs, viðskiptalegs og menningarlegs eðlis. Fyrir flutningsmönnum vakir að stuðla að því að svo geti orðið, enda er samgöngubátturinn einna veigamestur í heilbrigðri byggðastefnu. Ef hann er í lagi fylgir annað í kjölfarið. Um það höfum við dæmin fyrir okkur.

Austurlandsvegur um Möðrudalsöræfi tengir saman Norður- og Austurland. Hann er að jafnaði lokaður um háveturinn vegna snjóá eins og glögg kemur fram á töflu sem prentuð er sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu. Þar sést að hann hefur verið lokaður 137 daga að meðaltali sl. 10 ár. Auk þess hefur umferð um veginn verið takmörkuð á vorin vegna aurbleytu þó að það hafi verið heldur minna sl. ár vegna styrkingar og endurbóta sem framkvæmdar voru fyrir nokkrum árum.

Þjóðvegurinn milli Akureyrar og Egilsstaða er 276 km og nær 660 metra hæð þar sem hann liggur yfir Möðrudalsfjallgarði, en þar teppist hann fyrst. Flutningsmenn vilja ekki útiloka að hægt sé að gera þær endurbætur og lagfæringar á veginum þar sem hann liggur nú að dugi til þess að hann geti talist sæmilega tryggur til vetrarsamgangna. Á hinn bóginn er óverjandi annað en að nú verði þegar tekið til gagngerrar athugunar hvort sá kostur sé ekki betri til frambúðar að færa vegarstæðið, þannig að sneitt verði fram hjá Möðrudalsfjallgarði, en nýr vegur lagður um Langadal og suðaustur á Jökuldal. Til þess að bera saman þessa tvo kosti er tillaga þessi flutt.

**Fylgiskjal.**

*Vegagerðin:*

**Austurlandsvegur um Möðrudalsöræfi.**  
Fjöldi daga sem lokað var vegna snjóa, 1978–1987.  
(21. mars 1988.)

	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ	JÚN	JÚL	ÁG	SEP	OKT	NÓV	DES	ALLS
1987	10	22	25	12					2	2			73
1986	31	28	31	15	8					5	31		149
1985		26	14	14								15	69
1984	31	29	31	14					3	17			125
1983	31	28	31	29	10				17	25	31		202
1982	31	28	31	15	9				3	18	31		166
1981	31	28	31	20	3				13	28	31		185
1980	29	29	26	13					2	1	20		120
1979	31	28	31	25	24					12	8		159
1978	31	28	31	19								11	120
													<hr/> 1368

Að meðaltali 136,8 daga á ári.